

Skjalamál – grisjun og varðveisla skjala hjá Leikskólum Reykjavíkur

Borgarskjalasafn Reykjavíkur er héraðsskjalasafn Reykjavíkur og er rekstri þess hagað í samræmi við lög um Þjóðskjalasafn og reglugerð um héraðsskjalasöfn.

Hlutverk Borgarskjalasafns Reykjavíkur er söfnun, innheimta, skráning og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda um starfsemi og sögu borgarinnar til notkunar fyrir borgaryfirvöld, borgarstofnanir og einstaklinga, til þess að tryggja hagsmuni og réttindi þeirra og til notkunar við fræðilegar rannsóknir á sögu borgarinnar.

Skjöl teljast vera hvers konar gögn sem geyma upplýsingar og orðið hafa til við starfsemi borgarstofnunar, hvort sem þau eru skrifuð gögn, upprættir, ljósmyndir, filmur, örglætur, hljóðupptökur, tölvugögn eða önnur hliðstæð gögn.

Afhendingarskyldir aðilar á Borgarskjalasafn Reykjavíkur eru allar stofnanir og fyrirtæki Reykjavíkurborgar, þar á meðal leikskólar Reykjavíkurborgar og Leikskólar Reykjavíkur.

Skýringar við meðfylgjandi geymslu- og grisjunarskrá Leikskóla Reykjavíkur

Varðveita til frambúðar =

Geyma viðkomandi skjöl og skila til Borgarskjalasafns í samráði við skjalastjóra hjá Leikskólum Reykjavíkur, t.d. eftir 5 ár.

Önnur skjöl má grisja þegar hagnýtu gildi er lokið.

Ef vafamál koma upp varðandi grisjun, vinsamlega hafið samband við skjalastjóra.

Persónuleg mál =

Geymd sem trúnaðarmál í læstum hirslum.

Trúnaðarmál =

Geymd sem trúnaðarmál í læstum hirslum.

Skjalastjóri Leikskóla Reykjavíkur veitir með ánægju nánari upplýsingar um skjalavörslu, grisjun og hvað eina er varðar skjalamál.

Leikskólar Reykjavíkur – geymslu- og grisjunarskrá

Málaflokkar	Varðveita
Ársskýrslur leikskóla	Varðveita
Rekstrarmál	
Bréfasafn – bréf til og frá leikskóla	Varðveita
Fundir, skipulag starfsemi, námskeiðsgögn	Varðveita
Fréttabréf leikskólans	Varðveita
Kannanir	Varðveita
Ljósmyndir	Varðveita
Mál varðandi einstök börn	Varðveita – trúnaðarmál
Myndbönd/snældur – upptökur leikskólans	Varðveita
Námskeið sem starfsmenn hafa sótt	Varðveita
Samskipti við ráðgjafa- og sálfræðideild	
Leikskóla Reykjavíkur	Varðveita – trúnaðarmál
Skjöl varðandi viðburði leikskólans	Varðveita
Skýrslur	Varðveita
Úrklippusafn	Varðveita
Starfsmannamál – launamál	
Ráðningarsamningar starfsmanna	Varðveita
Starfsmannafundir viðkomandi leikskóla	Varðveita
Starfsmannahald – reglur o.fl.	Varðveita
Starfsumsóknir	Varðveita gögn aðila sem ráðinn er
Foreldrafélög	
Fréttabréf foreldrafélaga	Varðveita
Samskipti	
Evrópusamskipti	Varðveita
Vistunarmál	
Leikskólabörn – nafnalistar	Varðveita